

Ljóðstafur
Jóns
úr
Vör



20
ára

Ljóðstafurinn

Eftirfarandi hafa hlotið Ljóðstaf Jóns úr Vör

Árið 2001 var stofnað til ljóðasamkeppni á vegum Lista- og menningarráðs Kópavogs og Ritlistarhóps Kópavogs, sem hlaut nafnið Ljóðstafur Jóns úr Vör, í minningu skáldsins sem lést 4. mars 2000.

Jón fæddist á Vatneyri við Patreksfjörð 21. janúar 1917 en starfaði lengst af í Kópavogi þar sem hann var hvatamaður að stofnun bókasafnsins og síðar fyrsti bæjarbókavörður bæjarfélagsins. Jón starfaði að menningarmálum með ýmsum hætti, var til dæmis bæði bóksali og ritstjóri, en fyrst og fremst var hann brautryðjandi í íslenskri ljóðagerð.

Ljóðstafur Jóns úr Vör er veittur að lokinni samkeppni þar sem öllum er frjálst að senda inn frumsamin ljóð á íslensku, og undir dulnefni. Hér takast því á reyndari skáld og þau yngri í jöfnum leik. Veitt eru peningaverðlaun og verðlaunaskáldið fær til varðveislu í eitt ár silfurskreyttan göngustaf, sem var í eigu Jóns úr Vör. Á stafinn er festur skjöldur með nafni verðlaunahafa ásamt ártali.

Árið 2011 var Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs sett á laggirnar, haldin í tengslum við Ljóðstaf Jóns úr Vör. Markmiðið með grunnskólakeppninni er að efla áhuga barna og ungmenna á ljóðagerð en öll grunnskólabörn í Kópavogi geta tekið þátt.

Dómnefnd, skipuð fagfólki á sviði bókmennta, fer yfir innsend ljóð beggja flokka. Verðlaun hafa ávallt verið veitt við hátíðlega athöfn á fæðingardegi Jóns úr Vör, 21. janúar ár hvert. Árið 2022 var brugðið frá þeirri hefð í ljósi fjöldatakmarkana og hátíðin haldin 20. febrúar.

Dómnefnd Ljóðstafs Jóns úr Vör 2022:
Anton Helgi Jónsson
Ásta Fanney Sigurðardóttir (formaður)
Kristín Svava Tómasdóttir

2021 Þórdís Helgadóttir: Fasaskipti

2020 Björk Þorgrímsdóttir: Augasteinn

2019 Brynjólfur Þorsteinsson: Gormánuður

2018 Sindri Freysson: Kínversk stúlka les uppi á jökli

2017 Ásta Fanney Sigurðardóttir: Silkileið nr. 17

2016 Dagur Hjartarson: Haustlægð

2015 Ljóðstafur ekki veittur

2014 Anton Helgi Jónsson: Horfurnar um miðja vikuna

2013 Magnús Sigurðsson: Tunglsljós

2012 Hallfríður J. Ragnheiðardóttir: Triptych

2011 Steinunn Helgadóttir: Kaf

2010 Gerður Kristný: Strandir

2009 Anton Helgi Jónsson: Einsöngur án undirleiks

2008 Jónína Leósdóttir: Miðbæjarmynd

2007 Guðrún Hannesdóttir: Offors

2006 Óskar Árni Óskarsson: Í bláu myrkri

2005 Linda Vilhjálmisdóttir: Niður

2004 Hjörtur Marteinnsson: Hvorki hér né ...

2003 Ljóðstafur ekki veittur

2002 Hjörtur Pálsson: Nótt frá Svignaskarði

Þegar dagar aldrei dagar aldrei

Ljóðstafur Jóns úr Vör 2022

Brynja Hjálmsdóttir
1. sæti

Alltaf springa þau
á veturna
handarbökin
ekki í loft upp heldur eftir rásunum

Skurðir kvíslast
skinn flagnar
eins og í mótmælaskini:
nú er nóg komið

Sprungur
í uppurinni uppsprettu
mósaíkmynd
fúgan milli flísanna er rauð

Rauðir skipaskurðir:
gluggar inn í annan heim
innanverðan heiminn

Hún ber smyrsl á öll þessi ósköp
eins og til að sparsla í gamlar holur
sem hún boraði ekki sjálf
ekki ein í það minnsta
en hér alltaf svo kalt og smyrslíð
bara frýs
eins og hvað annað

Hér er auðvelt að gleyma
að sólin sé alvöru pláneta

En alltaf finnst fólk
sem er of latt
til að bera inn ljósin hundraðþúsund
sem það strengdi í trén
fléttaði um svalirnar
um handriðin og húnana

Fólkið er þreytt

Því hanga þau þarna enn
sindrandi

tær

Dreymt á jafndægurnótt

Í regnúðakenndri
septemberþoku

tipla ég á tánum
trufla ekki þögnina
í drygklanga stund
heyrist ekkert

þar til þögnin verður svo djúp
að ég heyri hrotur
í líkkistusmiði
úr húsinu spölkorn frá

ég elti þær þar til ég kem
í furðulegan kirkjugarð

í stað legsteina
gægjast þar úr moldinni
horn blindra dádýra

Jakub Stachowiak
2. sæti

Kannski varstu allan tímann nálægt

Stundum villist þú
og þarft að hjóla í marga hringi
og fylla lungun af framandleika

og stundum þarftu að stíga af hjólinu og röлта
og kannski setjast á bekk
og lesa í húsin eins og andlit á óskýrri hópmynd
og fylgja síkjum, mávum, gæsum
og finna frumstæðan áttavita
dyrabjöllur, þök, tjarnir, strompa, hægri og vinstri

og stundum dimmir
og ljósastaurarnir eru einu vinir þínir
en jafnvel þeir gefast upp
og sem betur fer ertu með svefnpoka
og þegar þú vaknar ertu í litlum almenningsgarði
eða í verslunarkjarna
sem fyllist af fólki
og þú brýtur heilann um hvort þetta sé fólk að þínu skapi
og þú kíkir ofan í innkaupapoka, bakpoka og veski
og gerir könnun:
hvað borðar fólkíð?
hvað les fólkíð?
hvað kys fólkíð?
hefur fólkíð smekk fyrir þér?

Ef ekki heldurðu áfram
kíkir inn um alla glugga
rannsakar gardínur, málverk, hrærivélar, hraðsuðukatla

Þangað til þú hittir mann með blómvönd
eða konu í ullarsokkum eða anda
og þú gefst upp
og spyrð hvar þú eigir heima
og maðurinn eða konan eða andinn
leiðir þig heim

þótt þetta sé kannski ekki blómvöndur að þínum smekk
eða ullarsokkar eða andardráttur

þá líður þér betur
innan um grænan sófa, rimlagardínur og landslagsmálverk

Draumey Aradóttir
viðurkenning

Svefnrof

Hún hikar við hálfopnar dyrnar
fullorðin og barn í senn

er enginn heima?

þær leiðast áfram hönd í hönd
leiðast skref fyrir skref inn teppalagðan ganginn
sem áður ætlaði engan endi að taka

áratugirnir hafa málað dyrakarmana gyllta
minnkað gamla feluskotið undir stiganum

eldfjallið sefur

en barnið skynjar svefnrof þess í hverri frumu líkamans
skynjar hvernig fjallið rumskar fyrirvaralaust
og fleygir í það egghvössum naglaspýtum
og eldsárum orðum

hún hrekkur upp af draumnum
við hljóðlaust ópið í brjósti sér
sem hrindir af stað enn einu hraunflóði
óharðnaðra minninga

Getraunir

Lyktin var blekið
sem þessi líkami notaði
til að prenta út erkirit minninganna
um salt sjávarþangið
þegar skipið bar að landi
og þau stigu af borði
og sögurnar

um bræluna
um sviðin
um súrmatinn
um saltmatinn

um svitann
um smjörsteiktu sveppina
um morgunkaffið
um niðurfallið
um húðina þína

allar sögurnar
klipptar og skornar

sumir segja að hún komi aftur
eftir viku –
sumir mánuð
sumir aldrei

og með hvarfi skynsins
er fullvissan tekin að molna
niður í þúsund sögur til að þylja upp
til að endurtaka og endurskapa
í munnlegri geymd
til að afbakast
í eftirritunum

allt til þess eins að giska

Það sem ég á við með orðinu hjónasæng

Ragnar H. Blöndal
viðurkenning

Ég þori varla að hreyfa mig.
Hvað þá að anda.
Hvað eru allir þessir ungu menn
að gera í rúminu hjá okkur?

Við erum auðvitað svo góðir karlar
að við tökum þeim opnum örmum.
Ef þá lystir mega þeir gista
og gráta á aðra öxl okkar beggja.

Ég veit reyndar ekki hvor á hvaða öxl.
Mér hættir einatt til
að renna saman við þig
fyrir svefninn

óttalaus og öruggur
alla okkar jarðikornadaga.

Vista Canale

Eitt af herbergjum hússins
höfum við látið útbúa
sem hótélherbergi í Feneyjum

Tókum gluggann niður í gólf
og settum framan við hann
eilitlar svalir
þar sem pláss er fyrir inniskó
á þverveginn
og sjá má út á síkið

Þegar ferðaðráin lætur á sér kræla
fer ég þar inn og loka að mér

Andlega seiminn frá málverkinu stóra
eftir Titian
sem hangir niðri í lobbýi
og sýnir fjölskyldu hússins árið 1540
virða fyrir sér flís úr krossi Krists
leggur upp í gegnum gólfin
og eftir heila nótt í rúminu
finn ég þá sérstæðu lykt
sem leggur af stórri myndlist

Síendurteknir píanóhljómar
berast úr húsinu handan kanals
jafn þungir og lína eftir Tranströmer
sem notabene
einhver hefur reynt að strekkja yfir síkið
(niðurbungan snertir nánast handrið litlu
marmaraslegnu steinbogabruárinna)

En kattarbreimið úr sundinu til hægri
er ekki jafn sannfærandi
(muna að fara í BYKO)
og kristallsljósakrónan
er ekki ekta Murano
heldur úr Hirðinum góða

Hér ligg ég þó ljóðförull um nætur
og dreypi á veröldum
ósofinn úlfaldi með flensueinkenni
í slopp og slippers sem upphaflega
voru í eigu Giuseppe Verdis
en ég hef að láni um stundarsakir
frá Ragnari Kjartanssyni

Í sárasta svefnleysinu
rölti ég niður í lobbý
og spjalla við Ernesto hinn fagra
um risottogerð og feneyska forfeður
(um leið og ég virði þá fyrir mér á
málverkinu)
og prýðilegt gengi heimaliðsins
sem vermir nú fimmta sætið í Serie B

Rölti svo út á stétt
og upp á marmarabrúna
nem þar staðar og tek í handrið
anda að mér
hreinum skáldskap

Allt þar til Fréttablaðið kemur
og hundurinn geltir

Þá iljast ég aftur inn
fer úr slopp og slippers
sæki mér gondólagutl á YouTube
og læt mig sveima

Úti breimar kötturinn úr BYKO

Jón Hjartarson
viðurkenning

Kvöldganga að hausti

Ösla raka slóð í mánaskini
sekk að ökkla
í mórauða lygnu
þar kúrir barnamosi
dökkgrænn við bakkann
verður óendanlega gamall
deyr neðan frá
heldur engu að síður í sér
dýrmætu lífi
ef til vill árþúsundir
tunglið speglast
í mýrarkeldunni
eins og stjörnurnar
einu vitnin
um þessa djúpstæðu hérvist

Sigrún Björnsdóttir
viðurkenning

A-hús

húsið í laginu eins og A
og inn í því setning
sem andar

út í næturregnið
niður að ánni
leitar atviks

veit ekki hversu langt hún nær

í bið eftir nýjum degi
gerist svo margt
sem skrifar sig sjálf

þungir stafir
þrykkja fálmandi lífi
í stein

sögn
andlagi

stærri orðum
en rúmast í þessu húsi

Silfurstrengir

Þar sem sólarljósinu sleppir taka ljós skepnunnar við.
Þar glitrar allt og glóir í ljósmerkjum frá næfurþunnum
slæðufiskum, fálmandi fylgjum.

Þú ert á kafi í þessum iðandi Hadesarheimi, romsar upp úr
þér tegundaheitum.

Það eru ekki margir sem hafa farið ofan í hylðýpið. Undir
heljarþungann þar sem hafið er dýpst. Nokkrar sálir í
sérsmíðuðum kafbátum.

Og nú þú.

Ég horfi á þig sökkva dýpra og dýpra.

Á tölvuskjánum eru glærar skepnurnar eins og strengir,
dansandi flækjuverk.

Þær senda út titrandi ljós.

Þegar þú fæddist í uppblásinni sundlaug á stofugólfinu
varstu langur og mjósleginn. Næstum hárlaus. En
ljósmóðirin sá strax að þú varst með sveip á enninu. Nú ertu
með ljósrautt hárið í tagli. Það nær niður fyrir mitti og mér
finnst gott að koma við það.

Ég vil vera með þér í þessu blikandi stjörnuhafi.

Blátt ljós dregur lengst segir þú og heldur áfram
ofan í djúpið. Alveg eins og dagblátt ljós berst lengst
út í geiminn segi ég. Friðarsúlan sjáðu.

Ég get ekki alltaf fylgt þér en tengi strax við
merkjasendingarnar.

Og við sökkvum, rennum saman við vatnið, þreifum
okkur áfram.

Þú kveikir á þúsundum blárra ljósa og ég bægslast
á eftir þér með logandi ömmuarma og hangandi
brjóst.

Þau svala engum þorsta lengur, engri þrá, en eru
slitmerkt þessu botnlausa lífi.

Þessum silfurstrengjum úr djúpinu

Sigrún Björnsdóttir
viðurkenning

Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs

Friðjón Ingi Guðjónsson
10. bekk, Álfróisskóla
1. verðlaun

Hugmynd

Allar hugmyndir mínar renna út í bláinn ásamt fuglunum og fiskunum. Þær fljúga hátt og synda lágt. Þangað til þær snúa við. Og koma til mín seint um nótt, ég sem ætlaði að sofa.

Sóley June Martel
6. bekk, Sataskóla
2. verðlaun

Þegar maður leggst í mosa

Ég labba á mosa.
Hann kallar á mig,
ég leggst niður.
Vindur gnauðar yfir höfði
en snertir ekki mig.
Ég sé haförn fljúga yfir mig,
svo stór og sterkur fugl.
Sér mig ekki.

Lukasz Tadeusz Krawczyk
9. bekk, Álfróisskóla
3. verðlaun

Hjartað

Í dag hef ég uppgötvað
að með hverri hugleiðslu
getur vöðvi andlega hjartans orðið sterkur, sterkari, sterkastur

Viðurkenningar í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs

Jóhanna Líf Heimisdóttir
6. bekk, Hörðuvallaskóla
viðurkenning

Fuglinn flýgur

Fuglinn flýgur upp í loftin blá
fer til Spánar
í hitann
fuglinn flýgur fuglinn flýgur

Er með dindil inní sér
og flýgur inn
í töfralandið
með risastóru eyrun sín
inn í töfralandið
fuglinn flýgur þar

Fuglinn flýgur fuglinn flýgur
upp á hól

fuglinn flýgur eins og krummi flýgur

Nína Rut Þorvarðardóttir
6. bekk, Hörðuvallaskóla
viðurkenning

Jólin í fyrra

Það er komið sumar
og sólin skín,
en ég mun aldrei gleyma
jólunum í fyrra.

Hrafnildur Freyja Einarsdóttir
10. bekk, Álfrólsskóla
viðurkenning

Mamma

Þegar ég er leið, ert þú mín skeið
skóflar mér upp af gólfinu
og tekur utan um mig

Orð þín eru hlý og góð
eins og ullarsokkar og kuldaskór
Þú ert eins og sólin bjarta
alveg eins og orðin þín
Þú ert besta mamma mín
og ég verð alltaf stelpa þín

Högni Freyr
6. bekk, Hörðuvallaskóla
viðurkenning

Krumminn

Krumminn leitar að matnum sínum.
Krumminn spyr tröllið
en það vissi ekki hvar
maturinn hans krumma var.

Svo flýgur krumminn yfir fjallið.

Áróra Ingibjörg Magnúsdóttir
7. bekk, Smáaskóla
viðurkenning

Stelpa

Ég horfði á hana.

Hún var svo ljót.
Skökku, gulu tennurnar.
Dökku baugarnir.
Flókið hárið.
Þurru varirnar sem blæddu á meðan flögur dattu af þeim.
Döfin í andliti.
Marblettir um allan líkamann.
Mig langaði að kýla hana en þá myndi spegillinn brotna

Dagur Andri Svansson
5. bekk, Salaskóla
viðurkenning

Vettlingur

Einhver týndi vettlingi
Vettlingurinn er kaldur

Hann er frosinn
Hann er umkringdur steinum

Laufin eru búin að falla

Ljóðstafur
Jóns
úr
Vör

20
ára

MEKÓ

MENNING
Í KÓPAVOGI

